

7. stjórnarfundur Hvanneyrarbúsins ehf. 2017-2018

Haldinn á Keldnaholti, Reykjavík 16. apríl 2018, kl. 10.00

Dagskrá:

1. Skipan ritara og fundarstjóra
2. Stjórnarskipti
3. Afgreiðsla fundargerðar síðasta stjórnarfundar
4. Drög að ársreikningi
5. Bónusgreiðslur – skýringar
6. Rekstrar- og fjárfestingaáætlun 2018
7. Önnur mál

Mætt voru Þóroddur Sveinsson (fráfarandi formaður), Baldur Helgi Benjamínsson (tilvonandi formaður), Pétur Diðriksson (meðstjórnandi), Egill Gunnarsson (bústjóri) og Ólöf Ósk Guðmundsdóttir (tilvonandi meðstjórnandi).

1. Skipan ritara og fundarstjóra

Þóroddur skipaður fundarstjóri og Ólöf ritari.

2. Stjórnarskipti

Þóroddur og Auður fara úr stjórn, í stað koma Baldur Helgi Benjamínsson og Ólöf Ósk Guðmundsdóttir.

Er það skv. samþykktum rektors sem skipar í stjórn f.h. hluthafa félagsins. Tilkynna þarf stjórnarskipti til RSK og mun bústjóri sjá um að senda tilkynningu þar um og greiða kostnað sem af henni hlýst.

3. Afgreiðsla fundargerðar síðasta stjórnarfundar

Fundargerð stjórnarfundar 7. desember 2017 samþykkt af Þóroddi og Pétri.

4. Drög að ársreikningi

Egill fór yfir drög að ársreikningi fyrir árið 2017. Drögin líta vel út, hagnaður félagsins eykst frá árinu 2016. Eiginfjárstaða félagsins hefur líka aukist. Hagnaður ársins er 9,4 milljónir eftir afskriftir. Handbært fé um áramót var lágt, ástæðan að laun voru greidd fyrir áramót og nokkrir tekjureikningar voru bókaðir á 2018 sem hefðu átt að vera 2017. Laun og launatengd gjöld hækka á milli ára, það er vegna hækkunar á mótframlagi í lífeyrissjóði í byrjun árs. Vaxtagjöld og verðbætur aðallega afborganir á lánum.

Á efnahagsreikningi sést að varanlegir rekstrarfjármunir hafa aukist milli ára, það skýrist af aukinni ræktun og meiri eignum, meðal annars var keypt ný dráttarvél á árinu.

Staða langtímalána svipuð á milli ára. Viðskiptaskuldir minnka, í byrjun árs 2017 var félagið í skuld við skólann, það var gert upp á árinu.

Sjóðsstreymi; hreint veltufé skýrir mestan hluta af hagnaði og er það talið merki um heilbrigðan rekstur.

Eina stærð vantar í ársreikning, það er innistæða á orlofið sem starfsmenn eiga. Þ.e. skuld útaf orlofi því það safnast upp yfir árið. Þessari stærð gæti verið bætt inn ennþá.

Inni í langtímaskuldum eru ennþá inni 3,3 milljónir vegna uppgjörs við Lárus Pétursson. Þá eru enn inni 2,3 milljónir í skuld við Arion banka, það er vegna mikils og stöðugs yfirdráttar í tíð Grímshaga sem breytt var í lán þegar félagið var endurskipulagt árið 2015.

Auknar tekjur eru af seldri mjólk, það er vegna þess að u.þ.b. 6 mánuði ársins var framleidd úrvalsmjólk og svo uppfyllti búið skilyrði Auðhumlu svf. um Fyrirmyndarbú á árinu. Breytingar vegna tekna af beingreiðslum og gripagreiðslum eru vegna nýs búvörusamnings sem tók gildi í upphafi ársins 2017.

Sundurliðun fyrir aðrar tekjur vantar á ársreikning, það verður skoðað. Þar ætti líklega að vera inni jarðræktarstyrkur og landgreiðslur.

Fóður- og áburðurstofnaður lækkaði á milli ára, bæði lækkaði verðið og kjarnfóðurnýtingin batnaði. Þessi liður mun líklega hækka á árinu 2018 vegna verðhækkana.

Viðhald 2017 er að stórum hluta vegna nýrra dýna í legubása. Búnaðargjald var afnumið og því er það ekki greitt 2017.

5. Bónusgreiðslur – skýringar

Í 4. grein ráðningarsamnings bústjóra kemur fram að bústjóri megi fara fram á launauppbót fyrir fastráðna starfsmenn félagsins ef félagið skilar hagnaði sem nemur meira en 5% af veltufé tvö ár í röð. Heimilt er að nýta 25% hagnaðarins með þessum hætti. Með veltufé er átt við rekstrartekjur ársins á rekstrarreikningi. Skv. útreikningi endurskoðanda félagsins er hagnaður árána 2016 og 2017 hærra en 5% af tekjum félagsins og því á bústjóri rétt á því að fara fram á þessa launauppbót, að því gefnu að ársreikningur verði afgreiddur óbreyttur og er stjórn samþykkt því. Ákveða þarf í framhaldinu hvernig útgreiðslu verður háttáð.

6. Rekstrar- og fjárfestingaáætlun 2018

Gert er ráð fyrir sama innlögðum lítrafjölda og á árinu 2017 (mögulega verður farið fram úr því). Lyfja og dýralæknakostnaður er óþarflega hár og vill bústjóri stefna á að lækka hann, með nýjum dýnum í legubása vonast bústjóri m.a. til að ná því markmiði.

Laun og launatengd gjöld munu hækka töluvert árið 2018, það er vegna nýrra kjarasamninga FÍN við ríkið með nýjum launatöflum og afturvirkum greiðslum. Þetta hækkar tryggingargjald og aðrar launatengdar stærðir. Hafsteinn er ráðinn út sumarið til að losna við kostnað við að þjálfa upp nýjan starfsmann fyrir sumarið. Launataxti hans hækkaði líka vegna nýrra kjarasamninga.

Gert er ráð fyrir afgangi upp á 11,3 milljónir fyrir afskriftir og vexti.

Skoða þarf með stjórn skólans hver framtíðarsýn fyrir fjósið er, þ.e. hvort þurfi að breyta því fyrir notkun til rannsókna. Eins þarf að skoða geldneytaaðstöðuna, hvort eigi að ráðast í breytingar á henni.

7. Önnur mál

Áhugi er hjá Lbhí fyrir að sameina Hestbúið og Hvanneyrabúið á sömu kennitölu. Stjórn félagsins er alfarið andsnúin slíkum hugmyndum og leggur frekar til að sett verði svipað fyrirkomulag fyrir Hestbúið og er fyrir Hvanneyrabúið, með stjórn og starfsmann/menn. Reynslan sýnir okkur að samrekstur á þessum búum er ekki farsæll og nú er mikilvægt að finna betri lausnir. Það er betra

fyrir reksturinn að hafa hann aðskildan, hann verður gagnsærri og yfirsýn verður betri. Það nýtist til dæmis vel í kennslu sem er mikilvægt á kennslubúum. Þóroddur hefur komið þessum sjónarmiðum á framfæri við rektor.

Varðandi byggingu á haugtanki fyri búið kom fram á fundi með bústjóra og rektor Lbhí að Lbhí greiðir fyrir fjárfestinguna. Bústjóri sér um að óska eftir tilboðum í verkið fyrir hönd skólans á nokkra aðila. 8-8,5 m³ koma af mykju frá gripum í fjósi á dag.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 12:00